



Ungmennafélag Akureyrar

Stofnað 5.apríl 1988

Ársskýrsla 2015



Þorbergur Ingi Jónsson

Íþróttamaður UFA árið 2015 Frjálsíþróttakarl FRÍ 2015

Hlaupari ársins 2015 í kosningu á hlaup.is

Í öðru sæti í kjöri ÍBA til íþróttamanns Akureyrar

Ungmennafélag Akureyrar, **UFA** var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu líferni. Í dag eru 590 skráðir félagsmenn og þar af um 132 iðkendur í frjálsum íþróttum og 105 í hlaupadeild UFA.

Aðalstjórn

Sigurður Magnússon	formaður
Katrín Ásgrímsdóttir	varaformaður
Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir	gjaldkeri
Aníta Jónsdóttir	ritari
Kolbrún Sveinsdóttir	meðstjórnandi
Gyða Árnadóttir	meðstjórnandi
Birgitta Guðjónsdóttir	meðstjórnandi

Skoðunarmaður reikninga

Guðmundur Víðir Gunnlaugsson

Foreldraráð 11 – 14 ára

Kristín Sóley Björnsdóttir 2016

Steinunn A Ólafsdóttir 2016

Þórhallur Mátsson 2016

Foreldraráð 15 – 17 ára

Kolbrún Sveinsdóttir 2016

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir 2016

Hulda Mekkín Hjálmarsdóttir 2016

Meistaraflokksráð 18 ára og eldri

Enn vantar 3 – 5 foreldra í meistaraflokksráð til þess að aðstoða við fjáröflun og skipulagningu á keppnisferðum og æfingabúðum erlendis.

Mótanefnd

Sigurður Magnússon

Birgitta Guðjónsdóttir

Fundahöld

Aðalfundur

Aðalfundur UFA 2015 var haldinn þriðjudaginn 17. febrúar í kaffiteríu Íþróttahallarinnar. Tuttugu til þrjátíu manns mættu á fundinn. Fundarstjóri var Katrín Ásgrímsdóttir, fundarritari var Kolbrún Sveinsdóttir. Gestur fundarins var Haukur Valtýsson fulltrúi UMFÍ og ÍBA og ávarpaði hann fundargesti.

Úr stjórn gengu Sigurður Freyr Sigurðsson formaður og Saldís.

Nýir í stjórn voru kosnir Sigurður Magnússon, formaður og Aníta Jónsdóttir ritari kom inn í stjórn á öðrum stjórnarfundi.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundir voru 18 talsins á milli aðalfunda félagsins.

Fulltrúar frá hlaupadeild UFA, fulltrúar frá meistarflokki UFA og þjálfarar hafa mætt á fundi með ýmis málefni sem hafa verið rædd og afgreidd. Ákveðið hefur verið að setja fundargerðir stjórnarfunda nýju stjórnarinnar inn á Facebooksíður UFA frá og með fyrsta fundi og einnig fundarboðin. Getur fólk þá óskað eftir því að koma með erindi á fundinn eða senda fyrirspurn til stjórnar sem tekur málið þá fyrir á næsta stjórnarfundi. Þetta er gert til að allir iðkendur, foreldrar, forráðamenn og félagsmenn geti fylgst betur með því sem er að gerast hjá félaginu hverju sinni.

ULM fundir

Meirihluti stjórnar var einnig í ULM stjórn þar sem Eiríkur Björn Björgvinsson var formaður, Björn Snær Guðbrandsson gjaldkeri og Katrín Ásgrímsdóttir ritari. Haldnir voru 3 fundir 2014, 17 á árinu 2015 og lokauppgjörsfundur þann 19. nóvember.

Samráðsfundur með Þór, ÍBA og ÍTA

Hin árlegi samráðsfundur UFA og Þórs ásamt fulltrúa frá ÍBA og ÍTR var haldinn í Hamri í maí, farið var yfir mót sumarsins og þá vinnu sem þarf að gera til þess að koma frjálsíþrótt aðstöðunni í gang fyrir sumarið. Og rædd um betri samvinnu þjálfara UFA og starfsmanna vallarins.

Fundur með Fasteignum Akureyrar og íþróttfulltrúa Akureyrarbæjar

Formaður UFA óskaði eftir fundi í desember með Fasteignum Akureyrar og Ellerti Erni, forstöðumanni íþróttmála Akureyrarbæjar. Með formanni á fundinn fór Unnar Vilhjálmsson þjálfari. Málefnið var: Ósk UFA um að setja upp lyftingaaðstöðu í Boganum, kaup á nýrri stangarstöksdýnu í Bogann og færsla á neti sem er milli fjórðu hlaupabrautar knattspyrnuvallar. Netið er of nálagt fjórðu hlaupabraut og nýtist hún því ekki að fullu, eins myndu iðkendur fá 80cm svæði á gervigrasinu til notkunar.

Fundur með íþróttafulltrúa og formanni Íþróttaráðs Akureyrar

Formaður UFA óskaði eftir fundi með Ellerti Erni og Ingibjörgu Ólöfu Isaksen og hittumst við í Rósenborg í desember ásamt Unnari Vilhjálmssyni og Hafdísí Sigurðardóttur sem fulltrúa iðkenda.

Málefnið var: Réttur UFA iðkenda og frjálsra íþrotta almennt á Þórsvelli og Boganum og samskipti við vallarstarfsmenn Þórs. Þessir hlutir hafa ekki verið í lagi í gegnum árin og eru ekki enn, en við gefumst ekki upp, hið góða sigrar alltaf á endanum.

Fundur með bæjarstjóra og formanni Íþróttaráðs í sambandi við húsnæðismál UFA og fleira

Formaður UFA óskaði eftir fundi og var boðaður á fund 22. apríl í Ráðhúsinu.

Á fundinn mættu Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstóri og Ingibjörg Ólöf Isaksdóttir, formaður Íþróttaráðs Akureyrarbæjar. Fundarefnið var húsnæðismál Ungmennafélags Akureyrar, staðan í dag 27 árum eftir stofnun þess. Enn hefur félagið ekki fast húsnæði fyrir starfsemi sýna og fundarhöld. Einnig var óskað eftir að fá merki UFA á Bogann og stúkuna á Þórsvelli við hliðina á Þórsmerkinu, einnig var óskað eftir því að fá uppsetta flaggstöng fyrir UFA eða fá afnot af einni af þeim flaggstöngum sem eru fyrir á vellinum en Þórsarar taka allar til notkunar fyrir sig og sína auglýsendur.

Foreldrafundir voru haldnir tvisvar sinnum á árinu og tveir fundir með meistaraflokki UFA

Formannafundur ÍBA

Formaður UFA sótti hin árlega formannafund ÍBA sem haldinn var á Greifanum 1. desember. Á dagskrá var skýrsla formanns frá aðalfundi ÍSÍ, ritun íþróttasögu Akureyrar, fyrirlestur og önnur mál.

49. sambandsþing Ungmennafélags Íslands haldið 17. - 18. október 2015 í Vík í Mýrdal

Þar sem enginn stjórnarmaður frá UFA komst á þingið, tilnefndi stjórn UFA einn af fyrrverandi formönnum UFA, Hauk Valtýsson, varaformann ÍBA sem fulltrúa sinn á þinginu.

Helstu fréttir af þinginu voru þær að Haukur Valtýsson var kosinn formaður UMFÍ. *Sjá nánar á www.umfi.is*

Starf stjórnar

Stjórn UFA sér um daglegan rekstur félagsins þ.e. fá aðstöðu til æfinga inni og úti, útbúa æfingatöflu, ráða þjálfara, innheimta æfingagjöld, greiða laun þjálfara, skipuleggja mót á vegum UFA og ferðir á önnur mót sem iðkendur sækja, sækja um styrki til fyrirtækja, skila inn skýrslum til FRÍ, ÍBA og UMFÍ. Einnig heldur stjórn úti heimasíðu, sækir fundi og þing ÍBA, FRÍ og UMFÍ. Áætlanagerð er einnig í höndum stjórnar og að sækja um að halda mót FRÍ og UMFÍ og halda félaginu inni sem fyrirmyndarfélagi ÍSÍ.

Stjórn óskar eftir kaupum á nýjum og endurnýjun á áhöldum, dýnum og fleira fyrir frjálsíþróttavöllinn og Bogann til æfinga og keppni. Stjórnin sér einnig um að fá sjálboðaliða á mót, foreldraráð, mótanefndir, meistaraflokksráð, Gautaborgarnefnd og fleira.

Þjálfaramál

Breytingar voru gerðar á þjálfaramálum hjá UFA. Gísli Sigurðsson sem verið hefur þjálfari hjá félaginu sl. 10 ár lét af störfum með MFL og þökkum við honum störf sín fyrir félagið.

Ráðinn var Guðmundur Daði Kristjánsson sjúkraþjálfari og fyrrum frjálsíþróttþjálfari hjá Aftureldingu og Breiðablik og fleira.

Heiðrún Dís Stefánsdóttir sem verið hefur þjálfari með 14 ára og yngri fluttist til Reykjavíkur vegna náms en hefur verið okkur mikill stuðningur á mótum í Reykjavík í vetur.

Í hennar stað var ráðin Ragna Baldvinsdóttir sem er með meistaragráðu í íþrótt- og heilsufræði, þjálfandi frjálsar hjá Laugdælum á Laugarvatni í tvo vetur með náminu þar, 2011-2013 og hjá Ármanni í Reykjavík, 2014-2015. Hefur mest verið með yngri krakka eða 6-12 ára. Hún mun sjá um þjálfun 10 ára og yngri hjá UFA.

Allir þjálfarar félagsins hafa skrifað undir þjálfarasamning í fyrsta skipti í sögu félagsins svo vitað sé, einnig hafa þeir skrifað undir Siðareglur FRÍ.

Ferð með UMFÍ til Danmerkur

UMFÍ skipulagði ferð fyrir formenn og framkvæmdastjóra sambandsaðila til DGI sem er Ungmennasamband Danmerkur í náms og kynnisferð. UMFÍ fékk styrk frá Evrópu unga fólksins til ferðarinnar og UFA fékk styrk frá ÍTR uppá 35.000.- fyrir ferð formanns í ferðina sem farin var 7. – 10. maí.

Kynntar voru jaðaríþróttir svo sem fjallahjólreiðar, siglingar og fleira. Einnig var farið vel yfir hvernig þeir markaðssetja landsmótin sín sem landsmótin á Íslandi eru fyrirmynd af.

Einnig var kynnt hvernig þeir nálgast ungmenni sem sækja ekki í íþróttir vegna ýmissa persónulegra ástæðna og hvernig þeir vinna markvisst að því að ná fólki yfir 25 ára aldurinn aftur í íþróttir eftir að hafa hætt innan við tvítugt vegna skóla, barneigna og fleira.

Akureyri á iði. 70 ára afmæli ÍBA

Laugardaginn 9. maí tók UFA þátt í verkefninu Akureyri á iði í tilefni 70 ára afmælis ÍBA í Íþróttahöllinni. UFA bauð uppá spretthlaup, hástökk og fleira.

UFA dagurinn haldinn 14. júní við Hamar

UFA dagurinn var haldinn að venju en frekar seint þetta árið þar sem Smáþjóðaleikarnir seinkuðu okkur aðeins. Að venju var boðið uppá grill, fatnaður boðinn til sölu, farið yfir plön sumarsins og fleira.

Sundkort fyrir landsliðsmenn

Í haust sem leið sótti formaður UFA til Íþróttaráðs Akureyrarbæjar, að beiðni landsliðsmanna í hlaupadeild UFA um frían aðgang að sundlaugum bæjarins til æfinga. Niðurstaðan var sú að Íþróttaráð ákvað að veita öllum landsliðsmönnum sem keppa undir nafni ÍBA og hafa náð 18 ára aldri frían aðgang að Sundlaugum Akureyrar og fá landsliðsmenn 2015 því frían aðgang á árinu 2016.

Nýir íþróttagallar fyrir félagið

Nýir íþróttagallar voru valdir fyrir ULM frá Jako og náðist að fá auglýsingar á gallana fyrir 500.000.- til þess að greiða þá niður fyrir félagsmenn. Nú þegar hafa verið pantaðir og afgreiddir 63 gallar. Þriðja pöntun fer í gang eftir aðalfundinn og verður auglýst á Facebooksíðum UFA.

Í vikunni fengum við nýjan bækling frá Jako fyrir árið 2016 og er meiningin að leita að úlpum, T-bolum og nýjum keppnisgalla fyrir alla iðkendur og aðstandendur. Stjórn UFA ákvað að byðja MFL félagsins að skoða bæklinginn og koma með uppástungur um hvað þau vilja helst.

Mót sem UFA iðkendur tóku þátt í og sem UFA hélt á árinu 2015

Nýársmót UFA haldið í Boganum í janúar

24 keppendur voru skráðir, stærstur hluti frá UFA, 13 persónulegar bætingar voru settar á mótinu.

Reykjavík International Games haldið í Laugardalshöll í janúar

Á þessu árlega stóra boðsmóti á UFA 13 keppendur. Hafdís Sigurðardóttir sigraði og setti jafnframt Íslandsmet í langstökki 6,47m. Þorbergur Ingi Jónsson sigraði í 3000m hlaupi og Helgi Pétur Davíðsson sigraði í 600m hlaupi. Átta persónulegar bætingar voru á mótinu auk þriggja gullverðlauna fékk UFA átta silfurverðlaun og tvö brons.

MÍ öldunga haldið í Laugardalshöll í janúar

Ágúst Bergur Kárason gerði sér lítið fyrir og varð sexfaldur Íslandsmeistari í flokki 40 – 44 ára.

MÍ í fjölþrautum haldið í Laugardalshöll í janúar

UFA átti þrjá keppendur á mótinu.

Íslandsmeistari varð Ásgerður Jana Ágústsdóttir í fimmtarþraut stúlkna - 18 til 19 ára með 3320 stig.

Gunnar Eyjólfsson náði öðru sæti í sjöþraut (5Kg kúla) pílta - 16 til 17 ára með 4285 stig sem var persónuleg bæting. Stefán Þór Jósefsson varð fjórði í sjöþraut karla með 3225 stig.

Stórmót ÍR haldið í Laugardalshöll í janúar

UFA átti 26 keppendur á mótinu og náðist glæsilegur árangur UFA keppenda:

22 gullverðlaun hlutu:

13 ára piltar, Jón Þorri Hermannsson sigraði í 200m hlaupi og langstökki.

14 ára piltar, Kolbeinn Fannar Gíslason sigraði í 200m, 800m, 60m grind, hástökki og kúluvarpi.

15 ára piltar, Helgi Pétur Davíðsson sigraði í 60m, 200m, 800m, 60m grind og kúlu.

16 – 17 ára piltar, Gunnar Eyjólfsson sigraði 200m hlaupi.

Karlaflokkur, Kolbeinn Höður Gunnarsson sigraði í 200m og 400m hlaupum.

Bjartmar Örnuson sigraði í 1500m hlaupi og Þorbergur Ingi Jónsson sigraði í 3000m hlaupi.

Frh, stórmót ÍR

12 ára stúlkur, Glódís Edda Þuríðardóttir sigraði í 60m hlaupi.

12 ára stúlkur, Sara Ragnheiður Kristjánsdóttir sigraði í langstökki.

16 – 17 ára stúlkur, Selma Líf Þórólfsdóttir sigraði í hástökki.

Konuflokkur, Hafdís Sigurðardóttir sigraði í 200m og 400m hlaupum.

Einnig komu 14 silfurverðlaun og 7 bronsverðlaun í hlut UFA.

MÍ, aðalhluti, haldið í Kaplakrika í Hafnarfirði í febrúar

UFA átti 14 keppendur á Meistaramóti Íslands innanhúss og náðu UFA keppendur 9 gullverðlaunum, 5 silfurverðlaunum og 4 bronsverðlaunum og eitt Íslandsmet var sett.

Íslandsmeistarar urðu:

Ásgerður Jana Ágústsdóttir í kúluvarpi. Hafdís Sigurðardóttir í 200m hlaupi og langstökki.

Bjartmar Örnuson í 800m hlaupi. Kolbeinn Höður Gunnarsson í 60m hlaupi, 200m hlaupi á nýju Íslandsmeti 21,38 sek. í flokki 22 ára og 400m hlaupi. Stefán Þór Jósefsson í þrístökki og Þorbergur Ingi Jónsson í 3000m hlaupi.

Coca Cola mót FH innanhúss 2015 haldið í Kaplakrika í Hafnarfirði

Ágúst Bergur Kárasen náði 3. sæti í 800m hlaupi og hljóp á sínum besta tíma 2:06,56.

MÍ 11 – 14 ára haldið í Laugardalshöllinni í febrúar

UFA átti 19 keppendur á Meistaramóti Íslands 11 – 14 ára og náðu UFA keppendur 10 gullverðlaunum, 7 silfurverðlaunum og 7 bronsverðlaunum.

Íslandsmeistarar urðu:

12 ára stúlkur, Glódís Edda Þuríðardóttir í 60m hlaupi og langstökki.

13 ára stúlkur, Sunneva Kristjánsdóttir í hástökki.

13 ára piltar, Jón Þorri Hermannsson í langstökki og 4x200m boðhlaup í 14 ára flokki.

14 ára piltar, Ragúel Pino Alexandersson í 800m, 60m grind, langstökki, hástökki og 4x200m boðhlaupi.

14 ára piltar, Kolbeinn Fannar Gíslason í hástökki og 4x200m boðhlaupi.

14 ára piltar, Bjarki Jarl Haraldsson 4 x 200m boðhlaup.

Ragúel og Kolbeinn urðu jafnir í fyrsta sæti í hástökkinu.

9. Bikarkeppni FRÍ haldin í Kaplakrika í Hafnarfirði

UFA átti 11 af 17 keppendum í sameiginlegu liði Norðurlands, bæði karla- og kvennasveitin náðu 3. sæti og höfnuðu í 3. sæti samanlagt.

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri haldin í Laugardalshöll í mars

UFA átti 14 af 16 keppendum í sameiginlegu liði Norðurlands, piltasveitin sigraði sína keppni með því að sigra 6 af 8 greinum og kvennasveitin hafnaði í 6. sæti og samanlagt í 3. sæti.

European Championships - 6.3.2015 - Praha, CZE

Kolbeinn Höður Gunnarsson hafnaði í 32. sæti í 400m hlaupi á 49,21 sek.

Hafðís Sigurðardóttir hafnaði í 12. sæti í langstökki með 6,35m.

4. Coca Cola mót FH innanhúss - 21.3.2015 - Hafnarfjörður

Anna Berglind Pálmadóttir sigraði í 5000m hlaupi á 18:30,7min hennar besti tími

Berlin Halbmarathon - 29.3.2015 - Berlin, DE

Þorbergur Ingi Jónsson hafnaði í 39 sæti á 1:07,53 klst í hálfmaraþon

Vorhlaup VMA og MA - 16.4.2015 - Akureyri

Bjartmar Örnuson sigraði í 5 km götuhlaupi á tímanum 16:38 mín.

Kolbeinn Höður Gunnarsson varð í öðru sæti á tímanum 18:21 mín

Helgi Pétur Davíðsson varð í þriðja sæti á tímanum 18:28 mín

Þorbergur Ingi Jónsson sigraði í 10 km götuhlaupi á tímanum 34:44 mín

Fanney Rún Stefánsdóttir sigraði í 5 km götuhlaupi á tímanum 22:57 mín

Rannveig Oddsdóttir sigraði í 10 km götuhlaupi á tímanum 38:43 mín

Anna Berglind Pálmadóttir varð í öðru sæti í 10 km götuhlaupi á tímanum 39:17 mín

UFA átti 28 keppendur í þessu hlaupi

Akureyrarmót í Boganum - 25.4.2015 - Akureyri

Hið árlega Akureyrarmót var haldið í Boganum í apríl lok og voru skráðir keppendur 71 talsins 37 frá UFA og 34 frá öðrum félögum á norðr-urlandi. Náðu margir keppendur að bæta árangurinn sinn í öllum flokkum, nánari úrslit má sjá á:

<http://thor.fri.is/SelectedCompetitionResults.aspx?Code=BOGAMOT15>

Vormaraþon Félags maraþonhlaupara - 25.4.2015 – Reykjavík

Anna Berglind Pálmadóttir sigraði í hálfmaraþoni á 1:26,53 klst

Vormót UFA 1. hluti - 9.5.2015 – Akureyri

Boðið var uppá alls sjö greinar bæði í karla og kvenna flokki og náðu nokkrir að bæta árangur sinn þrátt fyrir fyrsta utanhúsmót ársins.

Vormót HSK og M.Í. 5. hluti - 16.5.2015 - Selfoss

Anna Berglind Pálmadóttir sigraði í 5000m hlaupi á tímanum 18:57,43

Grunnskólamót UFA - 19.5.2015 - Akureyri

Hið árlega Grunnskólamót UFA var haldið í Boganum á fjórum virkum dögum í maí og stendur mótið frá uppúr 8:30 til hádegis. Mót þetta er mjög vinsælt og voru keppendur 1004 talsins frá öllum grunnskólum bæjarins og er fyrir 4 – 5 – 6 og 7 bekk og er mikil stemming strax við komu í Bogann, skólarnir mæta í ákveðnum litum og sumir í búningum og með trommur og söng. Unnar Vilhjálmsson sem hefur staðið að mestu bak við þessi mót á heiður skilið fyrir þetta framtak, og einnig tímatökumaðurinn Ásgeir Már Hauksson. Það hafa margir að okkar iðkendur komið uppúr þessum mótum þar sem fimmtán efstu í hverri grein í hverjum bekk er boðið að koma og æfa frítt til prufu yfir sumarið. Að þessu sinni sigraði Brekkuskói í 4 – 6 – og 7 bekk og Giljaskóli í 5 bekk.

JJ Mót Ármans - 20.5.2015 - Reykjavík

Kolbeinn Höður Gunnarsson náði 3 sæti í 100m hlaupi karla á tímanum 11,07 sek

MÍ í fjölþrautum - 23.5.2015 - Hafnarfjörður

Ragúel Pino Alexandersson sigraði og sett Íslandsmet bæði í 14 ára og 15 ára flokki í Fimmtáþraut sveinaáhöldum með 2553 stig

Gunnar Eyjólfsson varð Íslandsmeistari í tugþraut pílta 16 – 17 ára með 5197 stig

Vormót UFA 2. hluti - 26.5.2015 - Akureyri

26 keppendur voru skráðir til leiks flestir frá UFA. Hafdís Sigurðardóttir setti Íslandsmet í langstökki 6,45m Ragúel Pino Alexandersson setti Íslandsmet P14 í 300m hlaupi á tímanum 40:28 sek Margir aðrir náðu að bæta sinn persónulegan árangur.

Games of the Small States of Europe 2015 - 2.6.2015 – Reykjavík

Kolbeinn Höður Gunnarsson varð í fjórða sæti í úrslitum í 200m hlaupi á tímanum 21,84 sek en var með besta tímann í undanrásum 21,62 sek. Hann varð í öðru sæti í 400m hlaupi á 48,44 sek.

Kolbeinn Höður var í sigursveit Íslands í 4 x 400m boðhlaupi á tímanum 3:17,06 mín og í öðru sæti í 4 x 100m boðhlaupi á 42,01 sek.

Bjartmar Örnuson varð í 7 sæti í 800m hlaupi á tímanum 2:01,05 mín.

Stefán Þór Jósefsson varð fimmti í þristökki með stökk uppá 13,25 metra.

Hafdís Sigurðardóttir sigraði langstökkið með stökki uppá 6,50 m en vindur of mikill til að staðfesta Ísl.met einnig sigraði hún þristökkið með 12,49 m, hún náði öðru sæti í 100m á 11,87 sek og öðru sæti í 200m á

24,22 sek var í sigursveit Íslands í 4x100m boðhl, á 46,62 sek og í sigursveit í 4x400 m boðhl, á 3:44,31 mín

Steinunn Erla Davíðsdóttir náði 5 sæti í 400 m hlaupi á tímanum 56,67 sek og var í sigursveit Íslands í 4 x 100 m boðhlaupi. Selma Líf Þórólfsdóttir náði 5 sæti í hástökki með 1,65 m

Ásgerður Jana Ágústsdóttir náði 4 sæti í kúluvarpi með 11,30 m

Anna Berglind Pálmadóttir náði 8 sæti í 5000m hlaupi á tímanum 18:35,36 og fjórða sæti í 10.000m á 38:58,23 mín.

73. Vormót ÍR - 8.6.2015 – Reykjavík

Kolbeinn Höður sigrðai í 200m hlaupi og varð annar í 100m

Andri Fannar Gíslason varð fimmti í 100m og 200m

Selma Líf náði 3 sæti í hástökki og þrístökki

2. Sumarmót UFA - 18.6.2015 – Akureyri

Keppt var í kringlukasti og sleggjukasti í ýsum aldursflokkum á þessu móti og voru keppendur 11 talsins.

25. Stórmót Gogga Galvaska - 20.6.2015 - Mosfellsbær

Einn keppandi fór á mótið Ólafur Snær Eyjólfsson og gerði sér lítið fyrir og sigraði í hástökki pílta 12 ára með stökk uppá 1,35m sem var bæting hjá honum, hann bætti sig einnig í 60m hlaupi og hafnaði í 6 sæti og náði öðru sæti í langstökki með 4,22m sem einng var bæting, hafnaði í 7 sæti í kúluvarpi og bætti sig í spjótkesti og lenti þar í 4 sæti.

Evrópukeppni Landsliða 2. deild - 20.6.2015 - Stara Zagora, BUL

Kolbeinn Höður náðir 3 sæti bæði í 200m og 400m hlaupi og bætti þar sinn besta tíma.

Steinunn Erla Davíðsdóttir varð í 8 sæti í 100m hlaupi og einnig í 8 sæti í 200m hlaupi.

Hafís Sigurðardóttir sigraði í langstökki og setti nýtt Íslandsmet 6,45m og náði 3 sæti í 400m hlaupi og hafnaði í 6 sæti í þrístökki.

Anna Berglind Pálmadóttir hafnaði í 8 sæti í 5000m hlaupi á sínum besta tíma.

Sumarleikar HSP 2015 - 20.6.2015 - Laugar

Það voru 42 keppendur frá UFA sem fóru á hina árlegu Sumarleika HSP á Laugum og gerðu sér lítið fyrir og komu heim með 63 gullverðlaun, 35 silfurverðlaun og 20 brons. Margir voru að bæta sinn persónulegan árangur, nánari úrslit má sjá á:

<http://thor.fri.is/SelectedCompetitionResults.aspx?Code=M08282>

Miðnæturlaup Suzuki - 10 KM - 23.6.2015 - Reykjavík

Anna Berglind Pálmadóttir náði 2 sæti í 10km götuhlaupi á tímanum 38:27 mín

FH mótið - 4. mótaraðarmót FRÍ - 25.6.2015 - Hafnarfjörður

Kolbeinn Höður sigraði í 200m hlaupi 21,54 sek

Meistaramót Íslands 11-14 ára - 27.6.2015 - Selfoss

Á MÍ 11 – 14 ára sem haldið var á Selfossi þetta árið var UFA með 22 keppendur sem sópuðu að sér verðlaunum, 15 Íslandsmeistarar titlar, 9 silfurverðlaun og 17 bronsverðlaun og margir að bæta sinn persónulegan árangur og var þetta gott veganesti fyrir þá sem voru að fara til Gautaborgar sama kvöld.

Öll úrslitin má finna á: <http://thor.fri.is/SelectedCompetitionResults.aspx?Code=MI11-14-15>

Akureyrarhlaup Íslenskra verðbréfa og Átaks - 2.7.2015 - Akureyri

Í hinu árlega Akureyrarhlaupi sem haldið er af UFA hlaupadeild sigraði Rannveig Oddsdóttir á tímanum 39,50 mín í 10km hlaupi og Sonja Sif Jóhannsdóttir náði þriðja sætinu á tímanum 41,43 mín, UFA konur skipuðu 6 af 7 efstu sætunum. Atli Steinn Sveinbjörnsson náði 3 sæti í 10 km á tímanum 39,10 mín.

Världsungdomsspelen - 3.7.2015 - Gautaborg

Annaðhvert ár fer UFA til Gautaborgar á frjálsíþróttamót og í ár var stór hópur keppenda sem náði góðum árangri í frábæru veðri og við bestu aðstæður á vellinu. Sara Ragnheiður Kristjánsdóttir náði silfri í 60m grindahlaupi. Ragúel Pino setti tvö aldurflokkamet í 300m hlaupi á 39,29 sek og sló þar 34 ára gamalt með Viggó Þ Þórssonar, og svo bætti hann metið í 80m grind á 12,10 sek.

Frábær ferð í alla staði og stefnum á 2017.

<http://thor.fri.is/SelectedCompetitionResults.aspx?Code=M08293>

Evrópumeistaramót Unglinga U23 - 9.7.2015 - Tallinn, EE

Kolbeinn Höður fór á þetta mót og hafnaði í 16 sæti í 400m hlaupi á sínum besta tíma og varð 23 sæti í 200m halupi.

Selfossmótið í fjöprautum - 11.7.2015 - Selfoss

Gunnar Eyjólfsson sigraði í tugpraut 18 ára og yngri með 5640 stig

Kópavogsmótið - 5. mótaraðarmótið - 14.7.2015 - Kópavogur

Kolbeinn Höður sigraði í 100m hlaupi á 11,04 sek og 400m hlaup á 49,45 sek

Akureyrarmót UFA - 18.7.2015 - Akureyri

98 keppendur voru skráðir til keppni á Akureyrarmótinu að þessu sinni og náðist góður árangur í mörgum greinum og margir með persónulega bætingu, sjá nánar um úrslitin hér:

<http://thor.fri.is/SelectedCompetitionResults.aspx?Code=M08316>

Laugavegurinn 2015 - 18.7.2015 - Landmannalaugar - Húsadalur

Þorbergur Ingi Jónsson sigraði með yfirburðum á tímanum 3:59,13 og var fyrstur manna til þess að komast undir 4 tíma og var hann 32 mínótum á undan næsta manni.

Einnig tóku þátt frá UFA Einar Ingimundarsson fór vegalengdina á 6:06,10 klst var 39 af 255 keppendum í karlaflokki. Í kvennaflokki náði Bryndis María Davíðsdóttir 6 sæti og hljóp á tímanum 6:16,26 klst og Guðrún Nýbjörg Svanbergisdóttir varð í 41 sæti á tímanum 8:19,11 klst af 111 keppendum í kvennaflokki.

89. Meistaramót Íslands - 25.7.2015 - Kópavogur

Á MÍ aðalhluta átti UFA 11 keppendur sem náðu í 6 Íslandsmeistara titla, 3 silfur og 1 brons.

Kolbeinn Höður varð Íslandsmeistari í 100m hlaupi á 10,89 sek og í 200m hlaupi á 21,76 sek

Stefán Þór Jósefsson varð Íslandsmeistari í Hástökki 1,82m og var það bæting hjá honum, Stefán náði öðru sæti í Þrístökki með stökk uppá 13,44 m sem einnig er hans besta.

Hafðís Sigurðardóttir varð Íslandsmeistari í 100m hlaupi á 12,02 sek og 200m hlaupi á 24,43 sek og

Langstökki með stökk uppá 6,39 m. Selma Líf Þórólfsdóttir náði öðru sæti í Hástökki með 1,60 m

Steinunn Erla Davíðsdóttir náði öðru sæti í 100m á 12,50 sek.

Rakel Ósk Dýrfjörð Björnsdóttir náði 3 sæti í Stangarstökki er hún stökk 3,12m

18. Unglingalandsmót UMFÍ á Akureyri 2015

Stórglæsilegt ULM var haldið á Akureyri þetta árið og hafa keppendur og greinar sem boðið var uppá aldrei verið fleiri. Það er ánægjulegt að þegar UFA fékk loksins samþykkt að halda ULM á Akureyri að það skuli hafa tekist svona vel upp og samstarf allra aðildarféлага ÍBA verið eins gott og raun bar vitni.

Og færir UFA stjórn öllum þeim sem komu að ULM bestu þakkir fyrir sína vinnu.

Sjá frétt FRÍ;

Glæsilegu frjálsíþróttamóti á Unglingalandsmóti UMFÍ lauk í dag í verðurlíðu á Akureyri með miklum sóma fyrir UMFÍ og UFA. Umgjörð mótsins var glæsilega og framkvæmd öll til fyrirmyndar undir stjórn UFA. Eins og fram hefur komið í fréttaveitu FRÍ setti heimamaðurinn Hafðís Sigurðardóttir glæsilegt Íslandsmet á mótinu í langstökki með stökk upp á 6,56m, bætti eigið Íslandsmet um 11cm og var einungis 14cm frá því að tryggja sér þátttökurétt á HM í lok mánaðarins sem og á Ólympíuleikana í Ríó 2016. Þá bætti Hulda Þorsteinsdóttir sig einnig í stangarstökki á mjög háu getustigi er hún stökk 4,34m og átti mjög góðar tilraunir við að fara yfir 4,50m sem einnig hefði tryggt henni þátttökurétt á HM og Ólympíuleikunum í Ríó.

Úrslit á Unglingalandsmóti UMFÍ er hægt að sjá á: www.fri.is /mót/mótaforritið Þór/velja ár 2015 og finna dags, 31.07 2015 þar kemur fram ULM úrslit.

UMFÍ, mótsstjórn frjálsíþróttahluta Unglingalandsmótsins og öðrum forsvarsmönnum og sjálfboðaliðum sem komu að skipulagi og framkvæmd mótsins eru þökkuð fyrirmyndarstörf.

Bætingamót FRÍ 2015 - 7.8.2015 - Reykjavík

Fjórir keppendur frá UFA sóttu þetta mót og sigraði Kolbeinn Höður bæði 100m og 200m hlaupin

Stefán Þór Jósefsson sigraði í Hástökki með sitt besta stökk 1,88m og bætti sig einnig í langstökki 6,47m

Hafðís Sigurðardóttir sigraði í 100m hlaupi á 11,98 sek og langstökki 6,40m

Rakel Ósk Dýrfjörð Björnsdóttir varð önnur í Stangarstökki með 3,20m

Ágústsmót UFA - 1.9.2015 - Akureyri

Íþróttamaður UFA 2015

Þorbergur Ingi Jónsson, hlaupari var kosinn Íþróttamaður UFA 2015.

Þorbergur er fæddur 1982 á Neskaupstað og er glæsilegur fulltrúi UFA sem hefur staðið sig frábærlega á árinu í öllum hlaupum í karlaflokki. Þorbergur stundar ofurhlaup, fjallahlaup og utanvegahlaup af ýmsum gerðum og hefur hann með árangri sínum 2015 brotið blað í íslenskri frjálsíþróttasögu.

Þorbergur Ingi náði þeim einstaka árangri að hafna í 9. sæti á heimsmeistaramóti í ofurhlaupi sem fram fór í Annesy í Frakklandi í maí 2015. Alls tóku 229 keppendur þátt á mótinu frá 37 löndum. Hann sigraði og setti glæsilegt brautarmet á Laugarveginum (3:59;13 klst.) á árinu og rauf þar með 4 klst. múrinn fyrstur manna á þeirri hlaupaleið.

Þorbergur Ingi náði 39. sæti í hálfmaraboni í Berlín á 3. besta árangri Íslendinga frá upphafi. Einnig sigraði hann í 3000m hlaupi á Meistaramóti Íslands innanhúss og jafnframt sigraði hann öll utanvegarhlaup hér á landi sem hann tók þátt í og setti fjölda brautarmeta.

Hlaup sem Þorbergur sigraði í: MT. Esja Ultra Marathon, Hamarshlaupin, Fjögraskógarhlaupið, Dalahlaupið, Barðsneshlaupið, Haukahlaupið, Þorvaldsdalshlaupið og Grímseyjarhlaup TWG Simsen.

Þorbergur hljóp einnig Ultra-Trail du Mont-Blanc (CCC) sem er 101km fjallahlaup með 6100 m hækkun og náði 16. Sæti.

Með þessum glæsilega árangri hefur Þorbergur Ingi sýnt að á árinu 2015 er hann kominn í hóp bestu ofurhlaupara heims.

Ofurhlaup hefur verið hluti af viðurkenndum frjálsíþróttagreinum IAAF allt frá árinu 1988. Alþjóðasamtök fjallahlaupa voru stofnuð 1984 og árið 2002 voru fjallahlaup formlega skilgreind á þingi IAAF sem ein af keppnisgreinum frjálsíþróttar. Orðið ofurhlaup (e. „ultra running“) nær til allra hlaupa þar sem keppnisvegalengdin er lengri en maraboni (42,195 km) og þá ýmist um að ræða hlaup í fjalllendi, öðrum utanvegabrautum eða á götum. Norðmenn voru fyrstir Norðurlandþjóða til að kjósa ofurhlaupara frjálsíþróttamann ársins í sínu heimalandi.

Sigurður Magnússon

formaður UFA



Langhlauparar ársins 2015 að mati íslenska hlaupasamfélagsins, Elísabet Margeirsdóttir og Þorbergur Ingi Jónsson.

Meistaramót Íslands 15-22 ára - 15.8.2015 - Sauðárkrókur

UFA átti 21 keppanda á þessu móti og náðu þau 11 Íslandsmeistara titlum, 11 silfur og 7 brons.

Nóvembermót UFA - 8.11.2015 - Akureyri

UFA+

Í Gautaborgarferðinni í júlí kom upp sú hugmynd hjá foreldrum, fararstjórum og þjálfara að láta nú verða af því að stofna deild fyrir eldri iðkendur í frjálsum íþróttum, bæði fyrrverandi keppendur og þá sem aldrei hafa iðkað frjálsar áður en langar að vera með sér til heilsubótar og ánægju. Og lofaði formaðurinn að koma með þessa tillögu á fyrsta stjórnarfundum er heim væri komið frá Gautaborg og var það samþykkt.



UFA + keppendur á Mí öldunga febrúar 2016. 26 Íslandsmeistara titlar og tvö Íslandsmet.

Á myndina vantar Önnu Berglindi Pálmadóttur.

Kristjana Sigurgeirsdóttir setti Íslandsmet í hástökki 1,40m í flokki 50 – 54 ára og

Anna Sofia Rappich setti Íslandsmet í 60m á 8,95sek í flokki 50 – 54 ára.

Landsliðsmenn UFA 2015

Þátttakendur UFA á Smáþjóðaleikum: Þjálfarar, keppendur og varamenn.

Nafn	keppnisgrein
Anna Berglind Pálmadóttir	10.000m
Kolbeinn Höður Gunnarsson	200m/400m/4x100m/4x400m
Ásgerður Jana Ágústsdóttir	Kúluvarp
Bjartmar Örnuson	800m
Hafdís Sigurðardóttir	100m/200m/Langstökk/þrístökk/4x100m/4x400m
Selma Líf Þórólfsdóttir	Hástökk
Rannveig Oddsdóttir	10.000m
Stefán Þór Jósefsson	Þrístökk
Steinunn Erla Davíðsdóttir	400m/4x100m/4x400 vara
Unnar Vilhjálfsson	Þjálfari stökkgreinar
Gísli Sigurðsson	Þjálfari Boðhlaup/ o.fl
Varamenn	
Bjarki Gíslason	Stangarstökk
Rakel Ósk Björnsdóttir	Stangarstökk
Þorbergur Ingi Jónsson	10.000m/5000m

Samtals 12 íþróttamenn, 9 keppendur og 3 varamenn

Íslandsmethafar UFA 2015

Hafdís Sigurðardóttir	1987	<u>Utanhúss:</u> Langstökk 6,56m 18.ULM Akureyri 1.08 2015 <u>Innanhúss:</u> Langstökk 6,47m Reykjavík International 17.01 2015
Helgi Pétur Davíðsson	2000	<u>Innanhúss:</u> 60m grindahlaup (84cm)
Kolbeinn Höður Gunnarsson	1995	<u>Innahúss:</u> 200m hl, 21,38 sek met piltar 22 ára og karla 8.02 2015 400m hl, 47,59 sek met piltar 22 ára og karla Stórmót ÍR 1.02 2015
Ragúel Pino Alexandersson	2001	<u>Innanhúss:</u> 60m grindahlaup <u>Utanhúss:</u> Fimmtaþraut í flokki 14 ára og 15 ára, sveinaáhöld, 300m, 80m grind
Sara Ragnheiður Kristjánsd.	2003	Utanhúss: 60m grindahlaup (68cm) 60m grindahlaup (76,2cm)

Íslandsmeistarar UFA 2015 27 talsins með 74 titla.

Anna Berglind Pálmadóttir	1979	<u>Utanhúss:</u> 1000m og 5000m hlaup 21,1km
Andrea Þorvaldsdóttir	2002	<u>Utanhúss:</u> Spjótkest
Ásgerður Jana Ágústsdóttir	1996	<u>Innanhúss:</u> langstökk,kúluvarp,fimmtarþraut <u>Utanhúss:</u> kúluvarp
Ágúst Bergur Kárasón	1973	<u>Innanhúss:</u> 60m, 200m, 400m, 800m, langstökk og þristökk
Berglind Björk Guðmundsdóttir	1998	<u>Utanhúss:</u> 400 m grind (76,2 cm)
Bjarki Jarl Haraldsson	2001	<u>Innanhúss:</u> 4x200 m boðhlaup
Bjartmar Örnúson	1988	<u>Innanhúss:</u> 800m hlaup
Glódís Edda Þuríðardóttir	2003	<u>Innanhúss:</u> 60 m hlaup og langstökk <u>Utanhúss:</u> 4x100 m boðhlaup
Gunnar Eyjólfsson	1998	<u>Utanhúss:</u> 400 m hlaup, langstökk og tugþraut
Hafðís Sigurðardóttir	1987	<u>Innanhúss:</u> langstökk, <u>Utanhúss:</u> langstökk, 100m, 200m 4x400m
Hákon Karl Sölvason	2002	<u>Utanhúss:</u> 4x100 m boðhlaup í flokki 14 ára pílta <u>Innanhúss:</u> 60m, 200m, 400m, 800m, 1500m, 60m grind (91,4cm)
Helgi Pétur Davíðsson	2000	<u>Utanhúss:</u> 200 m hlaup,100 m grind (84,0 cm)
Hildur Védís Heiðarsdóttir	2003	<u>Utanhúss:</u> 4x100 m boðhlaup <u>Innanhúss:</u> Langstökk, 4x200 m boðhlaup í flokki 14 ára
Jón Þorri Hermannsson	2002	<u>Utanhúss:</u> 100 m hlaup,langstökk,spjótkest og 4x100 m boðhlaup í flokki 14 ára pílta
Kara Hildur Axelsdóttir	2001	<u>Utanhúss:</u> 80 m grind (76,2 cm)
Kolbeinn Fannar Gíslason	2001	<u>Innanhúss:</u> Hástökk og 4x200 m boðhlaup <u>Utanhúss:</u> Hástökk og 4x100 m boðhlaup
Kolbeinn Höður Gunnarsson	1995	<u>Innanhúss:</u> 60m, 200m, 400m, 4x100m bohl, 4x400m bohl, <u>Utanhúss:</u> 100m og 200m
María Catharina Ólafsdóttir Gros	2003	<u>Utanhúss:</u> 60 m hlaup og 4x100 m boðhlaup <u>Innanhúss:</u> 800 m hlaup, 4x200 m boðhlaup, 60m grind (84,0 cm)
Ragúel Pino Alexandersson	2001	hástökk, langstökk <u>Utanhúss:</u> Fimmtarþraut, 800m hlaup, 80m grind (84,0 cm) 4x100m boðhlaup og spjótkest,
Rún Árnadóttir	1998	<u>Utanhúss:</u> Sleggjukast (3,0 kg)
Sara Ragnheiður Kristjánsdóttir	2003	<u>Utanhúss:</u> Langstökk og 4x100 m boðhlaup
Selma Líf Þórólfsdóttir	1998	<u>Innanhúss:</u> Hástökk
Stefán Þór Jósepson	1993	<u>Innanhúss:</u> Þristökk <u>Utanhúss:</u> Hástökk, Þristökk
Steinunn Erla Davíðsdóttir	1993	<u>Innanhúss:</u> 200m, 400m, 4x100m bohl, 4x400m bohl
Sunneva Kristjánsdóttir	2002	<u>Innanhúss:</u> Hástökk
Þorbergur Ingi Jónsson	1982	<u>Innanhúss:</u> 3000m
Hólmfríður Svala Jósepsdóttir	1997	<u>Innanhúss:</u> 800m hlaup



Hafþís Sigurðardóttir setti Íslandsmet í langstökki á ULM á Akureyri 2015 (aukagrein)

Stjórn UFA þakkar öllum þeim sjálfboðaliðum sem veittu aðstoð við mótahald og fleira á árinu 2015.

Tekið saman og skráð :

Sigurður Magnússon

Stofnandi og formaður UFA

Gautaborgarleikarnir 2015

UFA tók þátt í hinum svo kölluðu Gautaborgarleikum (Världsungdomsspelen), sem haldnir voru í Gautaborg dagana 3.-5. júlí 2015, en félagið hefur um nokkurt skeið sent lið á þessa leika annað hvert ár. Farið var í samfloti við UMSE og alls fóru til Gautaborgar 50 manns á vegum félaganna tveggja, 33 keppendur og 17 þjálfarar, fararstjórar og foreldrar. Þriggja manna ferðanefnd annaðist allan grunnundirbúning ferðarinnar; pöntun á flugi, gistingu og afþreyingu, en fararstjórar tóku svo við keflinu síðustu dagana fyrir ferðina.

Haldið var til Gautaborgar aðfaranótt 29. júní, en flogið var í beinu flugi frá Keflavík. Þar sem um næturflug var að ræða var það nokkuð þreyttur hópur sem tékkaði sig inn á gistiheimili sitt strax upp úr hádegi þennan dag, sem fór að öðru leyti að mestu í að hrista úr sér ferðaþreytuna. Dagarnir fram að mótinu sjálfu voru svo nýttir til ýmiss konar afþreyingar, svo sem ferðar í skemmtigarðinn Liseberg og í vatnsrennibrautagarðinn Skara Sommarland, auk þess sem tími gafst til búðaráps í Gautaborg og til léttra æfinga fyrir mótið. Mótið sjálft hófst svo föstudaginn 3. júlí og stóð í þrjá daga, og stóð keppni frá morgni til kvölds alla dagana. Skemmst er frá því að segja að krakkarnir frá UFA stóðu sig með mikilli þrýði; mikið var um persónulegar bætingar, fjölmargir komust í úrslit í sínum keppnisgreinum og nokkrir náðu á verðlaunapall í harðri samkeppni við jafningja sína frá hinum ýmsu löndum, aðallega hinum Norðurlöndunum. Rétt er raunar að hrósa þátttakendum UFA fyrir framgönguna í ferðinni í heild þar sem framkoma þeirra og hegðun var þeim sjálfum og félaginu til sóma í hvívetna og fararstjórar og foreldrar áttu áhyggjulausa daga í Gautaborg þó auðvitað hafi verið í ýmsu að snúast í tengslum við bæði keppni og afþreyingu.



UFA-hópurinn eftir daglangan buslugang í vatnsrennibrautunum í Skara Sommarland.

Rétt er að minnast á nokkur praktísk atriði sem hafa má í huga við undirbúning næstu ferðar. Gist var á gistiheimili sem heitir Göteborgs vandrarhem. Þar var aðbúnaður og aðstaða að mestu með ágætum, þó gistingin sem slík væri í einfaldari kantinum; prýðilegur morgunverður, nóg af sturtum fyrir sveitta keppendur og góð aðstaða fyrir fararstjóra og foreldra að smyrja nesti og útbúa annað matarkyns. Meginkostur gistiheimilisins er þó hve vel það er í sveit sett, en þaðan er þægileg 10 mínútna sporvagnaferð á keppnisstað, án nokkurra skiptinga, auk þess sem það er í þægilegu göngufæri við miðbæ Gautaborgar og aðeins í nokkurra mínútna göngufjarlægð frá Liseberg. Gistiheimilið, sem og ferðin í heild, með þáttum eins og ferðum í Liseberg og Skara Sommarland, var svo bókað í gegnum Úrval-Útsýn. Það hefur ótvíræða kosti í för með sér að þurfa ekki að leggja tíma og fyrirhöfn í að þurfa sjálf að hafa samband við fjölmarga aðila (flugfélag, hótél, skemmtigarða o.s.frv.) til að setja ferðina saman, en segja má að reynslan af samskiptunum við Úrval-Útsýn hafi verið upp og ofan, bæði í undirbúningi ferðarinnar og meðan á henni stóð. Í aðdraganda ferðarinnar gekk oft illa að fá nauðsynlegar upplýsingar í tæka tíð og í mörgum tilvikum voru þær ónákvæmar, og þegar til Gautaborgar var komið var ekki staðið við ýmis fyrirheit hvað varðar fararstjórn og þá aðstoð sem í henni fólst, og í sambandi við fjölda miða fyrir hópinn í t.d. sporvagna og skemmtigarða. Það er því eðlilegt að þau sem taka að sér undirbúning fyrir næstu ferð kanni rækilega í byrjun hvort rétt sé að eiga aftur viðskipti við Úrval-Útsýn eða beina þeim eitthvert annað, eða skipuleggja ferðina jafnvel uppá eigin spýtur.

Þeir krakkar sem fóru í ferðina öfluðu fjár til hennar með ýmsum hætti; klósettpappírssölu, rúnstykkiðsölu, bingóhaldi og fleiru í þeim dúr. Söfnunin gekk vel og að ferðinni lokinni eru enn 308.533 kr. inni á kreditkortareikningi UFA. Ætlunin er að nýta þessa upphæð til að bjóða krökkunum á pizzuhlaðborð og greiða svo mismuninn inn á keppnisfeðrir krakkanna sem stóðu að söfnuninni og fóru til Gautaborgar.

Tekið saman og skráð:

Finnur Friðriksson

Farastjóri

Skýrsla langhlaupa- og þríþrautardeildar UFA

Mikil gróska var í starfi langhlaupa- og þríþrautardeildar UFA á árinu. Æfingar UFA Eyrarskokks voru vel sóttar og telur hópurninn um 60 manns. Byrjendanámskeið voru haldin að vori og kom inn góður hópur nýliða í gegnum þau. Hlauparar úr UFA Eyrarskokki voru líkt og liðin ár áberandi í almenningshlaupum á árinu og þá sér í lagi þeim hlaupum sem haldin voru á norðurlandi og var meðal annars fjölmennt í Fjögurra skóga hlaupið og Grímseyjarhlaup TVG Simsen. Einnig tók góður hópur hlaupara þátt í Laugavegshlaupinu og Reykjavíkumaraþoni. Deildin stóð fyrir nokkrum fyrirlestrum um hlaup og hlaupaþjálfun á árinu sem voru vel sóttir og líkt og áður kom deildin að undirbúningi og framkvæmd hlaupa á vegum UFA og eitt þríþrautarmót var haldið í samstarfi við Hjólreiðafélag Akureyrar.

Stjórn deildarinnar skipa:

Rannveig Oddsdóttir, formaður

Sara Dögg Pétursdóttir, meðstjórnandi

Guðrún Arngrímsdóttir, meðstjórnandi

Axel Ernir Viðarsson, varamaður

Hlaup og þríþrautarkeppnir á vegum UFA 2015

Vetrarhlaup

Vetrarhlaupasyrpa hefur verið fastur liður í starfi langhlaupa- og þríþrautardeildar allt frá stofnun deildarinnar 2003. Hlaupin fara fram einu sinni í mánuði frá október fram í mars og er keppt í stigakeppni einstaklinga og liða. Þátttaka í þessum hlaupum hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár, 20-40 manns í hverju hlaupi. Styrktaraðilar hlaupanna eru Bjarg, Craft, Halldór Ólafsson, Núi Síríus og Kjarnafæði.

1. maí hlaup

Vegna óhagsæðs veðurs var 1. maí hlaupinu frestað og haldið á uppstingingardag, 14. maí. Þátttaka var ágæt, rúmlega 300 manns og voru skólakrakkar þar í meirihluta. Eins og áður var keppt um hlutfallslega bestu þátttökuna í flokki fjölmennra og fámennra skóla, í flokki fjölmennra skóla bar Naustaskóli sigur úr bítum en Þelamerkurskóli í flokki fámennra skóla. Helstu styrktaraðilar hlaupsins voru eins og undanfarin ár Greifinn, stéttarfélögin við Eyjafjörð, MS og Sportver.

Akureyrarhlaup Íslenskra Verðbréfa og Átaks

Akureyrarhlaup var haldið fimmtudaginn 2. júlí. Íslensk Verðbréf og Átak voru aðalstyrktaraðilar hlaupsins líkt og undanfarin ár, en auk þeirra styrktu fleiri fyrirtæki í bænum hlaupið, s.s. með því að gefa verðlaun og veitingar. Keppt var í þremur vegalengdum 5 km, 10 km og hálfmaraþoni og var keppni í hálfmaraþoni meistaramót í þeirri grein. Ánægjulegt er að sjá að þátttaka í hlaupinu hefur verið vaxandi undanfarin ár og í ár tóku um 200 manns þátt. UFA Eyrarskokkarar voru áberandi í hlaupinu og landaði UFA Íslandsmeistaratitli í hálfmaraþoni kvenna með sigri Önnu Berglindar Pálmadóttur.

Þríþraut

Langhlaupa og þríþrautardeildin stóð fyrir þríþrautarmóti á Hrafnagili í september í samstarfi við Hjólreiðafélag Akureyrar. Keppt var í 400 m sundi, hjólaðir 12 km og endað á 3 km hlaupi og mættu 15 þátttakendur til keppni.

Hausthlaup

Rúmlega tuttugu manns tóku þátt í hausthlaupi UFA sem haldið var 17. september í fallegu haustveðri.

Víðavangshlaup UFA og 66° norður

Á haustmánuðum stóð Langhlaupa- og þríþrautardeildin í þriðja sinn fyrir víðavangshlaupasyrpu sem samanstóð af fjórum hlaupum sem hlaupin voru á mismunandi stöðum í bæjarlandinu. Hlaupin voru stíluð inn á bæði krakka og fullorðna og boðið upp á tvær vegalengdir í hverju hlaupi, stutt hlaup sem var u.þ.b. 1 km og lengra hlaup sem var 5-7 km. Sæmileg þátttaka var í hlaupunum en gaman væri að sjá fleiri að ári.

Gamlárshlaup

Að venju fór Gamlárshlaup og ganga UFA fram á gamlárstag í snjó og hálku eins og vera ber. Hægt var að velja um 5 og 10 km og voru þáttakendur í heildina 65. Líkt og undanfarin ár var Bjarg aðalstyrktaraðili hlaupsins og RUB23 gaf súpu sem rann ljúflega niður eftir erfitt hlaup.



Tekið saman og skráð:

Rannveig Oddsdóttir hlaupadeild UFA



Keppendur á MÍ 11 – 14 ára á Selfossi 28 júní 2015



Andrea Þorvaldsdóttir hlaðin verðlaunum á Unglingalandsmóti UMFÍ á Akureyri 2015



**Hafþís Sigurðardóttir kemur með
Landsmótseldinn.**



**Kveðjuveisla MFL, Hafþís að flytja til Gautaborgar til
Að freista þess að ná lágmarki fyrir Olympíuleikana.**



Jón Þorri Hermannson á MÍ 11 – 14 ára á Selfossi 2015

Ásgerður Jana úr UFA Íslandsmeistari í fimmtarþraut kvenna

Dags: janúar 26, 2015 Höfundur: UMFÍ



Ásgerður Kana Ágústsdóttir úr Ungmennafélagi Akureyrar

Mjög góður árangur náðist á Meistaramóti Íslands í fjölþrautum um helgina og mikið um persónulegar bætingar. Íslandsmeistari í fimmtarþraut kvenna varð Ásgerður Jana Ágústsdóttir úr Ungmennafélagi Akureyrar með 3320 stig. Silfurverðlaun hlaut Hanna Þráinsdóttir, ÍR, með 2739 stig og í þriðja sæti hafnaði Sandra Eiríksdóttir, ÍR, með 2683 stig – tveimur stigum meira en Ragna Vígðís Vésteinsdóttir, UMSS, sem hlaut 2681 stig.

Í flokki stúlkna 16-17 ára sigraði Irma Gunnarsdóttir, Breiðabliki, með 3601 stig. Í öðru sæti varð Guðbjörg Bjarkadóttir, FH, með 3037 stig. Í aldursflokkunum bar hæst glæsilegt aldursflokkamet í flokki stúlkan 15 ára og yngri. Þórdís Eva Steinsdóttir úr FH gerði sér lítið fyrir og bætti sinn fyrri árangur í flokknum um 200 stig og hlaut 3639 stig.

Þjálfarateymi sambandsaðila uppskar ríkulega um þessa helgi og ljóst að mikils er að vænta frá fjölþrautamönnum okkar í framtíðinni – konum, stúlkum, körlum og piltum.